

innan dýraríkisins, grundvallaðar og lagðar út í dýraheiminum og skráðar á óskemtilegu og óskiljanlegu dýrsmáli, er fæstir eða engir úr mannheiminum kannast við. Eða þá, eins og oft vill verða meðal „litlu spámanna“, að dýrin eru notuð í stað málverka og „symbóla“ og eiga að tákna sálarástand höfundanna, „skugga og skýjarof“, sem fallið hafa á vegu þeirra,—álfkvakandi, sauð-jarmandi, snjótitlings tístandi ástaróra, þegar þeir hafa misst af „hjartadrotningunni“, og eru svo naumast einhami úr því. Þessir höfundar tilbúa sér ekki lofgjörðina „af munnni barna og brjóstmylkinga“, heldur út úr langvífunefnu, krummagogginum og hundgánni.

En þessar sögur Guðmundar eiga ekkert skilt við þessar orþodoxu dýrasögur. Þær eru meistaralega sagðar og lýsa í hverri línu fyrirlitningu höfundarins á hjartaleysi og miskunarleysi manna gagnvart þeim, sem undir þá eru gefnir. Ekki er frítt um að á sumum stöðum lýsi sér dálítil gremja yfir manndómsleysi lærlinga, líkt og í sögunni „Álftaveiðin“; og aftur í sögunni „Golti“ er fögur háðmynd vesturferðanna. Manni dettur ósjálfrátt í hug, að það sé fleiri en Golti, sem eltir sé nauðugir út fyrir landsteina fram á skip „að miklu leyti fyrir—*tollskyldar vörur.*“ Lýsingin á fjárskipinu, þótt fáorð sé, er ekki út í hött. Hvað margir muna eftir „Camoence“? Við söguna „Álftirnar á Sandvatni“ er einkennilegur endir: „Úti í tjörninni standa ennþá þúfurnar þrjár, uppmjóar og alinar háar, og er sinn grávíðitoppurinn í hverri þeirra. Þær eru minnisvarðar hjónanna hvítu, sem skammsýni manna og grimmd svipti börnum sínum og margri gleði.—Nú verpa sundhænur og lóuþrælar í dyngjum hjónanna—.“

Sögur þessar verða að sjálfsgöðu ekki síðasta bók Guðm., enda væri það söknuður og skaði, ef manni þeim væri svo afskömtuð æfin sökum erviðis og fjárskorts, að hann fengi ekki leyst fleiri slík verk af hendi.

---

HEIMIR er gefinn út af nokkrum Íslendingum í Ameríku; kemur út 12 sinnum á ári og kostar \$ 1 árg. — Útsendingu og innheimtu annast Björn Pétursson, 704 Simcoe Street. Ritstjóri síra Rögnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gísli Jónsson, 530 Young st. Winnipeg Man.